

[View this email in your browser](#)

Fréttabréf LC Ísland

DESEMBER 2017



Life is now, embrace it!

Að vera búin að starfa fyrir samtökin núna í eitt og hálf ár er búið að vera vægast sagt upplifun. Þetta er búið að vera þvítík áskorun á sjálfa mig og ég er enn að læra á embættið sjálft sem og sjálfa mig, kem sjálfri mér á óvart á svo marga vegu en finn að ég þarf að trúa og treysta enn meira á sjálfa mig en ég hef gert. Ég er búin að fara vel út fyrir þægindarammann minn en á eftir að fara svo miklu lengra. Ég er búin að græða svo mikið á þessum 18 mán, ykkur allar frábæru vinkonur sem ég ætla að halda í út lífið. Ég er búin að kynnst svo mörgum yndislegum konum út um allan heim Ég er búin að ferðast með ykkur, hlæja með ykkur og skemmta mér svo vel með ykkur að orð fá því varla lýst. Ég þakka fyrir að fá að tilheyra svona mögnuðum hóp kvenna sem styrkja, styðja og standa með hver annarri eins og sinni eigin fjölskyldu. Við verðum að muna að enginn getur allt en saman getum við svo margt. Ég vil að við minnum hver aðra á það að við erum eitt og þurfum að huga vel hver að annarri í öllum verkefnum og hafa einkunnarorð samtakanna að leiðarljósi, vinátta og hjálpsemi. Ég ætla að halda áfram að njóta starfsins, félagsskaparins og hlakka til að vinna með ykkur áfram.

Life is now, embrace it!

Salóme Ýr Rúnarsdóttir

Landsforseti LCÍ 2017/2018



Á landsfundi í Keflavík í maí bættust þær Eva Björg Skúladóttir við sem nýr varalandsforseti og Sigurborg Möller sem ný vefstýra. Að venju var fyrsti fundur nýrrar landstjórnar haldinn í Keflavík, daginn eftir landsfund, áður en lagt var af stað aftur heim eftir frábæra helgi. Þar sem framhaldið var rætt lauslega. Að auki þarf að skila ýmsum upplýsingum til alheimsstjórnar, svo sem ársskýrslu og kynningu á nýrri landstjórn. Eru því fyrst störf landstjórnar tengd því.

Annar fundur landstjórnar var haldinn 10. ágúst. Á þeim fundi er aðal áherslan lögð á að undirbúa AGM fundinn í Sönderborg. Farið var yfir gögn frá alheimsstjórn þ.e. lagabreytingartillögur og framboð og því þarf landstjórn að vera í sambandi að sumri til að leggja línurnar. Að þessu sinni sendi landstjórn LCÍ inn lagabreytingartillögu, hún var hugsuð til að leiðrétta mistök sem urðu í lagabreytingarferli í fyrra, þegar samþykkt var að með umsókn um ferðastyrki ætti að skila inn ferðasögu á pdf-formi. Þetta átti að vera í sérlið en var ekki, svo við sendum tillögu að þessu yrði breytt. Sams konar tillaga kom líka frá alheimsstjórn svo það reyndi ekki á okkar.

Helgina 15. -17. september var vinnuhelgi landstjórnar í bústað við Bifröst. Þar var fulltrúaráðsfundurinn skipulagður og farið yfir önnur mál. Hafdís Inga er þá komin aftur inn í landstjórn, sem ritari, þar sem Steinunn flutti erlendis. Vel gekk að plana, gera, og græja og náði nýja landstjórnin að kynnast aðeins betur þegar að formlegum stjórnarstörfum var lokið og kvöldið nýtt til aflöppunar og leikja.

Helgina eftir, 23. og 24. september voru haldnir formanna- og varaformannafundir. Þann 23. hittust sunnankonur og 24. hittust norðankonur. Þessir fundir eru að nýtast vel og leggjast vel í konur. Á fundunum var meðal annars rætt hver staðan væri innan klúbba, félagatalið, lagabreytingar, hvernig eigum við að vinna þær, góðgerðamars og númeraskipti og einnig stungið upp á því að sunnankonur huguðu að því að fara að sækja um MTM, en við höfum aldrei haldið MTM og kannski bara kominn tími á skemmtilega áskorun.

Fulltrúaráðsfundurinn var haldinn í Eyjum 13. - 15. október. Landstjórn fundaði föstudagskvöldið fyrir fulltrúaráðsfundinn, áður en farið var í föstudagspartýið. Fulltrúaráðsfundurinn gekk vel, svona að mestu. Landstjórn heyrði þó af óánægjuröddum og í framtíðinni er gott að senda ábendingar um það sem betur má fara eða athugasemdir um störf landstjórnar til landsforseta í tölvupósti landsforsetilc@gmail.com. Flestar voru þó ánægðar með hvernig til tókst sem er frábært og Vestmannaeyjakonur eiga hrós skilið fyrir flotta helgi.

Eftir fulltrúaráðsfundinn hafði Sigurborg samband við landstjórn og sagði embætti sínu lausu. Embætti vefstýru í landstjórn er gríðarlega stórt og mikið og þegar bættist við að heimasíðan okkar hrundi sá Sigurborg ekki fram á að hafa tíma í að sinna því eins og hún helst hefði viljað. Landstjórn vill þakka henni fyrir samstarfið þó stutt hafi verið. Til að leysa málið ákvað landstjórn að hafa sama háttinn á og þegar vantaði að finna nýjan ritara og því var leitað til síðustu vefstýru, Hildar Halldórs og tók hún að sér embættið að nýju. Staðan var hins vegar flóknari en með ritaraembættið þar sem Bogga átti eftir eitt og hálf ár. Sáum við því fram á að annað hvort þyrfti Hildur að ljúka öllu tímabilinu eða að kjósa nýja vefstýru í vor og hefði þá komið upp sú staða að fjórar nýjar konur hefðu byrjað í landstjórn

[Subscribe](#)[Past Issues](#)

Óhætt er að segja að starfsár landstjórnar hafi því verið með nokkuð óvenjulegum hætti það sem af er og það hefur sennilega ekki gerst áður að skipt hafi verið um tvær stjórnarkonur á miðjum vetri. Því hefur verið meira um fundi en í venjulegu ári.

Í svona samstarfi er reynt eftir megni að funda í gegnum tölvur til að halda ferðakostnaði niðri eins og hægt er en óhjákvæmilegt er að hittast líka og var því bæði vinnuhelgi í september og fundur í Vestmannaeyjum í október. Þess á milli nýttist tæknin og fundað er í gegnum síma eða tölvu og samskiptamiðlar nýttir eins og kostur er, en vegna breytingar hefur ný landstjórn ekkert hist enn. Þetta er auðvitað ekki kjörstaða og mikilvægt að gera það besta úr því sem komið er.

Laus embætti

Næsta vor eru laus til umsóknar þrjú embætti í landstjórn; embætti varalandsforseta, gjaldkera og ritara. Umsóknarfrestur fyrir öll embættin rennur út á miðnætti 15. febrúar næstkomandi og má lesa um helstu verkefni embætta bæði í útprentaða félagatalinu okkar sem og á heimasíðu LC Íslandi og eru áhugasamar konur eindregið hvattar til að kynna sér helstu verkefni embættanna.

Sú er býður sig fram í embætti varalandsforseta situr í stjórn næstu 3 árin. Fyrst sem varalandsforseti, tekur síðan við embætti landsforseta og klárar síðasta árið sem fráfarandi landsforseti.

Í embætti gjaldkera er ráðið til 2ja ára í senn. Helstu verkefni gjaldkera eru að greiða alla reikninga fyrir landstjórn, halda utan um söluvarning og pinnasölu LCÍ / LC Int, innheimta árgjald til landsstjórnar. Að færa reikninga landstjórnar og gera ársuppgjör ásamt því gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár í samráði við varalandsforseta.

Í embætti ritara er einnig ráðið til 2ja ára í senn. Helstu verkefni ritara eru að vera ritari landstjórnar á stjórnarfundum og fulltrúarráðsfundum. Ritari heldur einnig utanum allar upplýsingar frá klúbbum varðandi félagatal, ganga frá því til prentunar ásamt því að sjá um útgáfu fundarefnis vegna landsfundar.

Sótt er um embættin rafrænt í gegnum heimasíðu LC Ísland: www.ladiescircle.is

Elínarsjóður

[Subscribe](#)
[Past Issues](#)


nú í sumar. Á þessum tveimur árum safnaðist samtals 145.114 evrur eða rétt tæpar 18 milljónir.

Einungis ein umsókn barst um góðgerðarverkefni fyrir árin 2017 - 2019 og kom hún frá

Botswana. Verkefnið heitir ***Happy Hearts*** og snýst um að byggja upp aðstöðu fyrir börn með krabbamein og aðstandendur þeirra þegar þau leita sér lækninga í höfuðborginni Gabarone. Engin aðstaða er til staðar og er þetta því mjög þarft verkefni og getur skipt sköpum í bataferlinu fyrir börnin og léttir álagið á aðstandendur. Það er hægt að kaupa pinna til þess að styrkja þetta verkefni og er hann hann til sölu hjá Völu, gjaldkera LCÍ. Allur ágóði af sölu alheimsforsetapinnans hennar Anne fer líka í þetta verkefni.

Í vor mun Elínarsjóður styrkja þetta verkefni en sjóðurinn styrkir erlent verkefni annað hvert ár og innlent hitt árið.

Hvað er framundan?



AGM LCI verður haldið í Haugesund í Noregi 30. ágúst – 2. september 2018.

Opnað var fyrir skráningu 30. september síðastliðinn og líkur *early bird* skráningunni

1. apríl 2018. Skráning fer fram á heimasíðunni lci2018.no en þar má einnig finna allar helstu upplýsingar um ráðstefnuna. Líkt og með fyrri ráðstefnur hefur verið stofnaður facebook hópur fyrir þær konur sem stefna á það að fara og ef þú vilt vera með finnurðu okkur undir hópunum

[LC Iceland to AGM 2018 – Haugesund.](#)



Miðsvetrarfundurinn okkar

árið 2018 verður haldinn dagana 26. -28.

janúar í Lúxemborg. Þema helgarinnar er

BE HAPPY, BE BRIGHT, BE GOLD.

Skráning, og nánari upplýsingar má finna á

heimasíðunni mtm2018.com en þess má

geta að skráningargjaldið fyrir alla helgina

er 185€. Eins og staðan er núna hafa 5

Íslenskar konur skráð sig á fundinn og

hvetjum við eindregið fleiri konur til að slást með í för.

Subscribe

Past Issues



Árið 1988 var Ladies Circle stofnað á Íslandi.

Það þýðir að í ár fögnum við og þar með klúbbur nr 1,
30 ára afmæli.

LC 1 á Akureyri mun á þessum merku tímamótum, ásamt RT 7, halda utan um fulltrúaráðsfundinn okkar sem og landsfundinn okkar í maí á næsta ári. Helgin endar að vanda á glæsilegri árshátíð samtakanna. Við eigum von á mikilli gleði og miklu stuði svo það er ekki seinna að vænna en að taka frá helgina

2.- 5. maí 2018 því þetta er svo sannarlega helgi sem enginn vill missa af. Nú er bara að skella sér inn á www.roundtable.is/arshatid og skrá sig og fylgjast svo með aðdraganda helgarinnar inni á facebook hópnum [AGM LC & RT 2018 á Akureyri](#).

Hlökkum til að sjá ykkur á Akureyri í maí.



Alþjóðadagur Ladies Circle er 14. febrúar og eru það varaformenn klúbbanna sem halda utan um hann. Alls staðar í heiminum koma LC konur saman og eyða saman deginum, það ætlum við svo sannarlega líka að gera.

Góðgerðamars verður áfram á sínum stað og virkilega ánægjulegt að sjá og heyra að hann virðist vera kominn til að vera. Gry Haugen, fráfarandi alheimsforseti, lagði línurnar fyrir honum á sínu kjörtímabili og heppnaðist afar vel. Anne, núverandi alheimsforseti, vill halda boltanum á lofti og hvetja okkur til að halda áfram með það góða verk sem við höfum verið að gera um allan heim. Hugmyndin með góðgerðamars er að hvetja klúbbana til að láta gott af sér leiða í þessum mánuði og nýta þá jafnvel tækifærið til að gera samtökin okkar sýnilegri. Það má þó ekki gleyma því að góðverk má gera hvenær sem er yfir árið en við hvetjum ykkur þó eindregið til að gefa þeim sérstakan gaum í marsmánuði.

Góðgerðarmál

Það er búið að vera virkilega gaman að fylgjast með þróun góðgerðarmála hjá klúbbunum undanfarin ár. Góðverk í hinum ýmsu formum eru farin að setja sífellt meiri svip á klúbbastarfið. Til dæmis gaf **LC-6** um það bil **800.000.-** af ágóða af landsfundarhelginni sem þær héldu sl. vor til góðgerða. Ekki nóg með það, heldur seldu

[Subscribe](#)[Past Issues](#)

LC-11 í eyjum, söfnuðu **300.000.-** fyrir góðgerðarverkefnið á fulltrúaráðshelginni í eyjum. Peningurinn sem safnaðist fór á góðan stað í eyjum.

Vel gert LC6 og LC11, sem og allir **klúbbar** og **félagskonur** sem hafa látið gott af sér leiða á einn eða annan hátt!

Ferðastyrkir

*Hægt er að sækja um bæði innlendan og erlendan ferðastyrk til að komast á AGM í Haugesund, Noregi. Umsóknarfrestur til LC International er **31. janúar, nk.** Í dagatalinu í félagatalinu er talað um 15. janúar til að landsforseti hafi svigrúm til að skoða umsóknir og staðfesta upplýsingar. Það er að minnsta kosti gott að vera ekki á síðustu stundu.*

*Til að geta sótt um **erlenda ferðastyrkinn** þurfa að vera tvö ár frá því að þú varst tekin inn í samtökin auk þess sem þú þarft að eiga eftir að starfa í eitt ár eftir viðburðinn. Umsókninni er skilað í gegnum heimasíðu LC International (ladiescircleinternational.org) og öruggast að senda afrit til landsforseta sem þarf að staðfesta umsóknina. Til að sækja um þarf að hafa aðgangsorð sem formaður ykkar getur látið ykkur fá.*

*Umsókn um **innlendan ferðastyrk** á að skila í síðasta lagi 1. apríl og þarf einnig að hafa starfað í tvö ár til að mega sækja um hann. Rafrænt umsóknarform er að finna á heimasíðu LC Ísland (ladiescircle.is) og sendist umsóknin til landsforseta. Að auki má nefna að hægt er að sækja um styrk til að sækja viðburði hjá móðurlandi okkar (LC Noregur). Sá styrkur kemur úr sjóði hjá LC International sem kallast **Extension Fund** og er einnig sótt úr honum á heimasíðu LC Int. einum mánuði fyrir viðburðinn.*

Söluvarningur

Það er ýmislegt hægt að næla sér í hjá gjaldkera LCÍ sem eru mestmegnis pinnar. Verðið á pinnum er frá 500 til 1000 krónur. Einnig er alltaf hægt að panta sér LC peysu og er verðið á henni 8900 kr.

[Subscribe](#)
[Past Issues](#)


*Making a difference
through acts of kindness*

Það eru alls kyns pinnar í boði en þeir sem mig langar aðallega að koma á framfæri núna eru alheimsforsetapinnarnir, Elínarsjóðspinnarnir og Happy Hearts pinnarnir.

Anne Ahlefelt er að selja hjartalaga pinna með slagorðinu sínu: Making a difference through the act of kindness. Þessir pinnar seldumst upp í Vestmannaeyjum en örvæntið eigi, við fáum fleiri eftir MTM fundinn í Lúxemborg.



Elínarsjóðspinnana þarf vart að kynna en allur ágóði af sölu þeirra rennur til góðgerðarmála. Fráfarandi alheimsforseti og núverandi hafa lagt mikla áherslu á góðgerðarmál sem við hér á Íslandi höfum svo sannarlega tekið til okkar og lagt okkar af mörkum með ýmsum hætti.



Happy Hearts pinnarnir koma í sölu eftir MTM fundinn í Lúxemborg. Allur ágóði af þeim rennur beint til erlenda góðgerðarmálsins 2017-2019.

Alla pinna er hægt að panta hjá Völu, gjaldkera LCÍ í gegnum email gjaldkerilc@gmail.com

[Subscribe](#)[Past Issues](#)

Ný alheimsstjórn var kosin á AGM í Sönderborg í ágúst síðastliðnum. Alheimsforsetinn okkar er hún Anne Ahlefeldt frá Finnlandi. Hennar einkunnarorð eru Making a difference through acts of kindness.



Varaalheimsforseti er Kenza Sbihi frá Marokkó
 Gjaldkeri er Prachi Agrawal frá Indlandi
 Vefstýran er Criss Lengyel frá Rúmeníu
 Ritari er áfram Sandra Murahwa frá Zimbabve
 Gry Haugen, frá Danmörku, er fráfarandi alheimsforseti

Fréttir og upplýsingar af starfi LC International má finna á heimasíðunni
www.ladiescircleinternational.org

Frá ritara LCÍ

Keppnis-fundargerðir

Hluti af starfi hvers klúbbs er að það sé lesið úr fundargerðum annarra klúbba. Til þess að það gangi upp á ritari hvers klúbbs að sjá um að skrifa fundargerðir og setja þær á lokuðu síðuna okkar á facebook. Þó að nokkuð sé liðið síðan þetta var tekið upp, gengur upp og ofan að fá ritara til að setja fundargerðirnar inn þar. Landstjórn ákvað því að setja af stað keppni milli klúbba sem felst í því að sá klúbbur sem er duglegastur að lesa úr fundargerðum annarra klúbba verður verðlaunaður í vor. Til að sýna fram á að þetta sé gert, þarf ritarinn að færa það til bókar í sinni fundargerð og vista hana svo á lokuðu síðunni. Vil ég hvetja ykkur til að taka þátt og gera ykkar til þess að þetta verði partur af starfinu því það er mikilvægt að við fylgjumst með því hvað fer fram innan hreyfingarinnar og svo má ekki gleyma að það er hægt að fá frábærar hugmyndir frá hinum klúbbunum og oft hin besta skemmtun að heyra af starfi þeirra.

Félagatalið

[Subscribe](#)[Past Issues](#)

hætta útgáfu. Til þess að það sé gerlegt þarf félagatalið að vera aðgengilegt annars staðar. Það er ætlunin að hafa félagatalið bæði á heimasíðu LC Ísland og á lokuðu facebook-síðunni okkar, þar sem hægt er að hafa það rétt hverju sinni. Við hvetjum ritara til að færa inn nýjar konur um leið og þær eru teknar inn (og minnum um leið á að ekki allir eru búnir að fylla inn upplýsingar um sinn klúbb).

[LC Ísland á Facebook](#)[Lokuð samskiptasíða fyrir meðlimi LC Ísland](#)[Heimasíða LC Ísland](#)[Heimasíða LC International](#)[Hafðu samband](#)

Copyright © *|2017|* *|Ladies Circle Ísland|

E-mail

vefstjorilc@gmail.com

This email was sent to <<Email Address>>

[why did I get this?](#) [unsubscribe from this list](#) [update subscription preferences](#)

Ladies Circle · Skessugil 21 · Akureyri 603 · Iceland

MailChimp